

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 18. apríl 1994

**Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík**

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 / 1418


komudagur 19/4 1994

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.

Meðfylgjandi er umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 450. mál.

Rétt er að taka fram að stjórn L.M.F.Í. hefur ekki farið yfir og kynnt sér efnislega frumvarpið og umsögn laganefndarinnar.

Virðingarfyllt



Marteinn Másson, framkv.stj.

Hjálagt:
Umsögn.

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057

Umsögn Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi

I.

Frumvarp um váttryggingastarfsemi, sem upphaflega var lagt fram á 116. löggjafarþingi, hefur nú verið endurskoðað með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á váttryggingalöggjöf innan Evrópusambandsins og hjá aðildarríkjum EES.

Hefur einkum verið tekið tillit til heimildar váttryggingafélaga til að reka váttryggingastarfsemi í öðrum ríkjum á efnahagssvæðinu og þess frelsis sem í því felst, en lögunum er jafnframt ætlað að setja skorður við viðskiptafrelsinu, sérstaklega með tilliti til neytendaverndar og vegna eftirlits með váttryggingafélögum.

Starfsleyfi sem gefið er út í einu aðildarríki EES gildir nú í hinum ríkjum, og er gert ráð fyrir að eftirlitsstjórnvöld í einu ríki beri ábyrgð á allri starfsemi félags hvar sem er á svæðinu, en stjórnvöld heimaríkis hafa einungis eftirlitshlutverk gagnvart þeim félögum sem það veitir starfsleyfi.

Að öðru leyti er frumvarpið samið með það í huga að væntanleg löggjöf uppfylli tilteknar tilskipanir og reglur EBE á sviði váttrygginga, svo sem nánar er gerð grein fyrir í frumvarpinu. Ljóst er að efni þeirra setur frumvarpinu verulegar skorður.

II.

Í frumvarpinu er að mestu leyti fellt niður eftirlitshlutverk gagnvart skilmálum og iðgjöldum (ath. þó lögboðnar tryggingar), en lögin gera áskilnað um þær upplýsingar sem veita skal váttryggingataka áður en váttrygging er tekin.

Hlutverk Váttryggingaeftirlits er afmarkað enn frekar í frumvarpinu, og er gert ráð fyrir sérstakri neytendamáladeild innan eftirlitsins, sbr. V. kafla frumvarpsins.

Ekki er hins vegar gert ráð fyrir sérstökum úrlausnaraðila- (um) sem unnt væri að skjóta til ágreiningi neytenda við váttryggingafélög, svo sem tíðkast erlendis. Lagt er til að sett verði í frumvarpið ákvæði um slíka úrlausnaraðila, t.d. á ákveðnum váttryggingasviðum. Gæti það hentað fulltrúum erlendra váttryggingafélaga og neytendum, að semja um að leggja ágreiningsatriði fyrir slíkan aðila.

III.

Í VI. kafla frv. kemur fram að ekki er skylt að láta Váttryggingaeftirliti í té skilmála váttryggingafélaga, nema skilmála lögboðinna váttrygginga.

Tryggingaeftirlitinu er sjálfu ætlað að fylgjast með því "eftir því sem kostur er" skv. 55. gr., hvort skilmálar séu í samræmi við ísl. lög og góða viðskiptaháttu.


Lagt er til að mælt verði svo fyrir í frumvarpinu, að skilmálar séu almennt sendir eftirlitinu, þannig að eftirlitið hafi undir höndum alla þá skilmála sem í gildi eru á hverjum tíma.

Ljóst er að ef erlend félög hefja sölu váttrygginga hér á landi í gegnum fulltrúa sína, en ekki starfsstofur, að mikill fjöldi skilmála getur verið í gangi, og óvíst að réttarvernd sú sem ísl. neytendur sækjast eftir, sé tryggð með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Eftirá athugun eftirlits kann að þjóna litlum tilgangi að þessu leyti.

Ekki verður séð að slíkur áskilnaður í ísl. lögum væri andstæður tilskipunum EBE.

Í VII. kafla frv. er gert ráð fyrir því að fulltrúar erl. váttryggingafélaga, sem reka lögboðnar ábyrgðartryggingar ökutækja hafi hér á landi fulltrúa til að afla gagna um tjón, og "hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi". Öðrum félögum er ekki skylt að hafa fulltrúa með slíkt umboð hér á landi skv. frumvarpinu, og er það í samræmi við samning um EES, þar sem váttryggingafélögum er ekki skylt að hafa hér opna starfsstöð. Mælt er með því að í frumvarpinu verði áskilið að þau félög sem hafa hér opna starfsstöð, skuli hafa fulltrúa sem heimild hafi til að annast uppgjör tjóna, svo sem er í ábyrgðartryggingu ökutækja. Virðist slíkt ekki vera í andstöðu við EES samning. Gæti það komið í veg fyrir að hér væri einungis opin söluskrifstofa (eða starfsstöð), en ekki skrifstofa til uppgjörs tjóna.

Reykjavík 16. apríl 1994


Magnús Thoroddsen
formaður Laganefndar
LMFÍ